

Nr. 9.
8. sept.

Lög

um

bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá
Bretlandseyjum.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hvernar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn, eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendra hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskíp meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afa sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs, alt að 5000 kr., eða fangelsi ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 8. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.